



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Ísafjörður, 16. október 2018  
2018020003

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál

Ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál 149. löggjafarþings.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar þeim áhuga á málefnum innflytjenda sem kemur fram í tillögunni, en bendir á að á Ísafirði er starfrækt ríkisstofnunin Fjölmenningarsetur sem hefur nákvæmlega sama hlutverk og fyrirhuguð ráðgjafarstofa sem lagt er til að setja á fót og því algjörlega óþarft að setja á stofn nýja stofnun með nákvæmlega sama hlutverk eins og skýrt kemur fram í greinargerðinni: „Við skipulag ráðgjafarstofu innflytjenda verði sérstaklega horft til Fjölmenningarseturs og verkefna þess“.

Af greinargerð tillögunnar má ráða að það eina sem þeir sem að henni standa hafa á móti núverandi fyrirkomulagi, sem bundið er í lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012, er að stofnunin er staðsett á Ísafirði en ekki í Reykjavík.

Fjölmenningarsetur var opnað sem tilraunaverkefni árið 2000 en hefur verið undirstofnun velferðarráðuneytis síðan 2012. Alla sína tíð hefur stofnunin verið fjársvelt og mátt þola allmargar atlögur að tilveru sinni, nú síðast þann 18. september þegar umrædd tillaga til þingsályktunar var lögð fram. Þrátt fyrir það hefur stofnunin sinnt veigamiklu þjónustuhlutverki við innflytjendur um allt land.

Bæjarstjórn leggur til að fallið verði frá hugmyndum um nýja stofnun sem hefur nákvæmlega sama hlutverk, en þess í stað verði rekstur Fjölmenningarseturs eflur, meðal annars með þjónustuútbúum þar sem þurfa þykir, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarritari